

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis-, mengunarvarna- og matvælaeftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

1. gr.

Innheimt eru gjöld af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, og lögum um matvæli, nr. 93/1995. Einnig er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari vegna þjónustu sem er í verkahring heilbrigðiseftirlits að veita skv. ofangreindum lögum.

2. gr.

Tímagjald fyrir þjónustu er	20.000 kr.
Gjald fyrir rannsókn á einu sýni skv. eftirlitsáætlun er	30.000 kr.
Gjald vegna heildarefnagreiningar neysluvatns er	280.000 kr.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra sér um innheimtu eftirlitsgjalda vegna reglubundins eftirlits skv. viðauka með gjaldskrá þessari. Þar kemur jafnframt fram áætluð tíðni eftirlits.

Unnt er að sækja um lákkun gjalda ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu, hefur rekið vottað gæðakerfi eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um. Ef heilbrigðisnefnd fellst á slíka lákkun er henni heimilt að draga úr eftirliti frá sama tíma.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram er heimilt að lækka eftirlitsgjald sem því nemur.

Begar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi á einum og sama stað er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald.

3. gr.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, annast innheimtu eftirlitsgjalda, samkvæmt gjaldskrá þessari s.s. vegna útgáfu leyfa og vottorða og vegna eftirlits umfram áætlun auk þjónustuverkefna.

Fyrir nýtt starfsleyfi eða eftir atvikum móttöku á skráningu greiðast 35.000 kr. umsýslugjald auk auglýsingakostnaðar og eftirlitsgjalds ef við á. Heilbrigðisnefnd er jafnframt heimilt að innheimta reiknað tímagjald vegna vinnu við gerð sértækra starfsleyfisskilyrða vegna starfsemi sem fellur undir reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Fyrir endurnýjun starfsleyfis greiðast 30.000 kr. auk auglýsingakostnaðar og eftirlitsgjalds ef við á.

Fyrir auglýsingu starfsleyfis á vef heilbrigðiseftirlits greiðast 20.000 kr.

Fyrir önnur leyfi s.s. tóbaksleyfisgjöld greiðast 45.000 kr.

Fyrir vottorð og umsagnir skv. fyrirbyggjandi gögnum greiðast 32.000 kr.

Fyrir húsnæðisskoðun greiðast 40.000 kr., Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra er þó heimilt að lækka eða fella það niður. Fyrir ítarlega húsnæðisskoðunarskýrslu er greitt skv. tímagjaldi.

Fyrir markaðs og götusölu greiðast 32.000 kr., Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra er þó heimilt að lækka eða fella það niður.

Sé raunkostnaður við rannsókn skv. reikningi frá rannsóknarstofu hærri en sem nemur gjaldi heilbrigðiseftirlits fyrir rannsókn skal innheimta raunkostnað að viðbættu 35% umsýslugjaldi og akstursgjaldi skv. útreikningi fjármála- og efnahagsráðuneytis ef ekki er unnt að samnýta ferðina.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að fjölga tímabundið eftirlitsferðum umfram það sem fram kemur í eftirlitsáætlun ef nauðsyn krefur t.d. þegar nýr búnaður hefur verið tekin í notkun eða vegna kvartana. Nefndin innheimtir þá gjald eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

Fyrir starfsemi sem er eftirlitsskyld en er ekki á lista í viðauka greiðist eftirlitsgjald eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

Verk sem unnin eru skv. ákvæðum samþykkt settum samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir eru gjaldfærð eins og um þjónustuverkefni sé að ræða nema um annað hafi verið samið. Fyrir þjónustuverkefni er rukkað tímagjald.

Vegna beitingar þvingunarúrræða skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarna og XI. kafla laga nr. 93/1995 um matvæli skal heilbrigðisnefnd innheimta fyrir kostnaði eins og um aukin eftirlitsverkefni sé að ræða.

4. gr.

Heimilt er að fella starfsleyfi fyrir starfsemi úr gildi ef eftirlitsgjöld skv. 2. gr. eru ekki greidd að undangengnum tilhlýðilegum fresti. Séu gjöld skv. 3. gr. ekki greidd fellur starfsleyfið sjálfkrafa úr gildi. Sama á við ef starfsemi hefur ekki hafist einu ári frá útgáfu leyfis og ef starfsemi hefur legið niðri í tvö ár samfelld.

5. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalda er útgáfudagur reiknings og eindagi 14 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra í samræmi við 46. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002. Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir heilbrigðis-, mengunarvarna- og matvælaeftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, nr. 40/2025.

Sauðárkróki, 9. janúar 2026.

F.h. heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra,
Sigríður Hjaltadóttir framkvæmdastjóri.

Viðauki.

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Árlegt eftirlitsgjald, kr.
90.00.0.6	Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru	0,33	32.670
01.24.01.1	Alifuglarækt	1	63.882
97.00.0.2	Almenningssalerni	0,5	24.570
52.31.00	Apótek (söluturn án óvarinna matvæla)	0,5	29.484
90.00.0.9	Áhaldahús sveitarfélags	0,5	29.484
93.02.0.3	Baðaðstaða	1	49.140
15.81.0.2	Bakarí, lítið	1	89.882
15.81.0.3	Bakarí, miðlungs	2	153.764
15.81.0.4	Bakarí, stórt - með kaffisölu	2	176.904
50.20.0.1	Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið (1-2 starfsmenn)	0,5	29.484
50.20.0.2	Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	1	51.106
50.20.0.3	Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	1	78.624
50.20.0.7	Bifreiðasprautun	0,5	34.398
71.10.0.1	Bílaleiga	0,25	17.200
50.30.0.2	Bílapartasölur	1	49.875
15.96.0.0	Bjórgerð	1	88.452
15.96.0.1	Bjórgerð, lítil, ekki samfelld starfsemi	0,5	34.398
28.52.0.1	Blikksmíði	0,5	34.398
50.20.0.6	Bón- og bílapvottur, handvirk	0,25	12.286
50.20.0.5	Bón- og bílapvottur, sjálfvirk	0,5	24.750
37.20.0.1	Brennur > 1.000 m ³ , tímabundið		
85.32.1.1	Dagmömmur með > 6 börn	0,25	12.286
85.11.4.1	Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil	1	108.108
85.11.4.3	Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi	1	167.076
92.53.0.1	Dýragarður	0,5	27.028
01.42.0.1	Dýrageymsla – dýrahótel	0,25	20.625
85.20.0.1	Dýralæknastofa án röntgen	0,25	20.625
85.20.0.2	Dýralæknastofa með röntgen	0,5	39.312
85.20.0.3	Dýraspítalar	0,5	41.125
93.01.0.2	Efnalaugar	0,5	29.484
50.50.0.0	Eldsneytisstöðvar	1	98.280
50.50.0.1	Eldsneytisstöðvar, sjálfvirkar	1	78.624
50.50.0.2	Eldsneytistankar við hafnir minni en 10.000 l	0,5	29.484
37.20.0.1	Endurnýting úrgangs	1	78.624
75.23.0.1	Fangaklefar	0,5	54.054
92.61.0.15	Fargufa	0,25	19.250
85.32.6.2	Félagsheimili með eldhúsi	1	94.796

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Árlegt eftirlitsgjald, kr.
85.32.6.1	Félagsheimili með eldhúsi, lítil	0,5	29.484
52.23.0.4	Fiskbúðir án vinnslu, litlar	1	75.140
55.21.0.1	Fjallaskálar, litlir	0,25	12.286
63.23.0.2	Flugvellir	0,5	36.856
15.89.0.0	Framleiðsla annarra matvæla	1	83.538
26.61.0.0	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	1	78.624
15.71.1.0	Framleiðsla á dýrafóðri	1	73.710
15.20.7.0	Framleiðsla á fæðubótarefnum, kítín	1	167.076
15.61.0	Framleiðsla á kornvörum og pökkun	1	78.624
25.22.0.0	Framleiðsla á umbúðaplasi og efnum sem koma í snertingu við matvæli	1	58.968
25.22.0.1	Framleiðsla á umbúðum og efnum sem koma í snertingu við matvæli, lítil	0,5	29.484
26.13.0	Framleiðsla glerílata	0,5	34.398
15.71.1.1	Framleiðsla gæludýrafóðurs, lítil	0,2	9.828
26.63.0.2	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	1	58.968
26.63.0.1	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu, lítil	0,5	29.484
52.10.0.0	Frystigeymslur	0,5	31.942
80.22.0.0	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn og verknám/heimavist	1	117.936
80.21.0.2	Fræðslustarfsemi með mótuneyti, lítil	1	98.280
80.21.0.3	Fræðslustarfsemi með mótuneyti, stór	1	137.592
80.21.0.1	Fræðslustarfsemi/ skólar, án mótuneytis	1	58.968
24.20.0.1	Garðaúðun	0,25	17.200
90.00.0.4	Gámastöð – stærri flokkun	1	78.624
90.00.0.41	Gámavöllur, móttaka úrgangs, lítill	0,5	39.312
55.12.0.1	Gistiskálar og gistiheimili án veitingasölu, lítið allt að 16 gestir	0,5	29.484
55.12.0.2	Gististaðir án veitingasölu, 17-49 gestir	1	68.796
55.12.0.3	Gististaðir án veitingasölu, 50+ gestir	1	98.280
55.11.0.3	Gististaðir með veitingasölu, 100+ gestir	2	261.872
55.11.0.1	Gististaðir með veitingasölu, 17-49 gestir	1	137.592
55.11.0.2	Gististaðir með veitingasölu, 50-100 gestir	2	196.560
55.11.0.4	Gististaður með fjölbreytta þjónustu, matsölu, sundlaug, snyrtiþjónustu o.fl.	2	216.216
14.21.0.0	Grjót-, malar- og sandnám	1	73.710
25.13.0.1	Gúmmívinnsla	0,33	16.217
85.32.2.3	Gæsluvellir/leikvellir	0,25	12.286
93.02.0.0	Hárgreiðslu- og snyrtistofur	0,5	36.856
93.02.0.1	Hárgreiðslustofur	0,5	29.484

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Árlegt eftirlitsgjald, kr.
85.11.1.3	Heilbrigðisstofnun, með fullbúnu eldhúsi	2	261.872
51.44.2.0	Heildverslun með hreingerningarefni	0,5	29.484
51.31.0.1	Heildverslun með matvæli, hreingerningaeefni o.fl., lítil	0,5	24.570
85.12.1.1	Heilsugæslustöðvar, litlar	1	49.140
93.29.0.0	Hestaleigur og reiðskólar	0,5	24.570
80.10.0.5	Hestamiðstöð	0,5	24.570
50.20.0.15	Hjólbardaverkstæði	0,5	24.570
85.14.94	Húðflúrstofa	0,5	29.484
92.61.0.4	Íþróttahús, lítil	1	49.140
92.61.0.5	Íþróttahús, miðlungs	1	68.796
92.61.0.6	Íþróttahús, stór	1	78.624
92.61.0.8	Íþróttamiðstöðvar með sundlaug	2	186.732
92.61.0.7	Íþróttavellir	0,5	34.398
37.20.0.2	Jarðboranir	1	78.624
55.40.0.3	Kaffisala (kaffi og kökur) – sumaropið	0,5	24.570
91.31.1.1	Kirkjur	0,25	12.286
85.14.92	Kírópraktor	0,5	24.570
15.13.0.5	Kjötvinnsla miðlungs með reykingu – mengun	1	115.882
15.13.0.1	Kjötvinnsla, lítil	1	80.054
15.81.0.0	Kleinu-, sælgætisgerð o.fl., minniháttar starfsemi	0,33	16.217
55.40.0.2	Krár, kaffihús án matsölu	1	73.710
55.40.0.4	Krár, kaffihús, einfaldar veitingar og gisting	1	88.452
55.40.0.1	Krár, kaffihús með matsölu	1	173.420
15.87.0.1	Krydd- og bragðefnavinnsla, lítil	1	89.882
15.87.0.2	Krydd- og bragðefnavinnsla, miðlungs	2	127.764
15.87.0.3	Krydd- og bragðefnavinnsla, stór	2	186.732
92.13.0.1	Kvikmyndahús	0,5	31.942
15.20.8.0	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta	1	104.624
15.20.8.1	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, lítil	1	75.140
38.21.0.0	Landmótun með óvirkum úrgangi	0,33	19.459
19.10.0.1	Leðurvinnsla	0,5	49.140
85.32.2.2	Leikskólar með eldhúsi	1	108.108
85.32.2.1	Leikskólar með móttökueldhúsi,	1	78.624
26.21.0.1	Leirmunaverkstæði afkastageta, ofn < 4 m³	0,5	34.398
93.04.0.1	Líkamsræktarstöðvar	1	58.968
93.04.0.2	Líkamsræktarstöðvar, litlar	1	45.209
01.25.2.0	Loðdýrabú, lítið	0,5	31.942
01.25.2.1	Loðdýrabú, stórt	1	73.710

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Árlegt eftirlitsgjald, kr.
55.30.1.1	Matsölustaðir, litlir	1	139.022
55.30.1.2	Matsölustaðir, miðlungs	1	173.420
55.30.1.3	Matsölustaðir, stórir	1	193.076
52.11.2.4	Matvöruverslun án vinnslu, lítil	1	98.280
52.11.2.5	Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	2	147.420
52.11.2.6	Matvöruverslun án vinnslu, stór	3	235.872
52.11.2.1	Matvöruverslun með vinnslu	2	193.076
52.11.2.3	Matvöruverslun með vinnslu, stór	2	268.216
20.30.9.5	Málningaraðstaða	0,25	12.286
85.31.1.0	Meðferðarheimili fyrir börn og unglinga	1	73.710
15.61.0.2	Meðhöndlun og framleiðsla á kornvörum	1	63.882
20.20.0.1	Meindýravarnir	0,25	11.648
15.51.0.1	Mjólkurbú	2	143.936
15.51.0.0	Mjólkurbú, ostagerð, eiming	2	314.496
51.57.0.2	Móttaka brotamálms	1	68.796
38.22.0.0	Móttaka og meðhöndlun á seyru	0,5	29.484
51.57.0.3	Móttaka úrgangs til endurvinnslu	1	83.538
55.51.0.1	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið	1	104.624
55.51.0.2	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs	2	134.108
55.51.0.3	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt	2	183.248
51.57.0.1	Niðurrif bifreiða	1	58.968
43.11.0.0	Niðurrif bygginga og undirbúningur byggingasvæðis	1	49.140
93.04.0.9	Nuddstofur	0,5	24.570
26.82.9.1	Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	1	73.710
26.82.9.2	Olíumalar- og malbikunarstöðvar með fasta staðsetningu	1	98.280
15.51.0.2	Ostagerð	2	98.280
15.51.0.3	Ostagerð, lítil, ekki samfelld starfsemi	0,5	34.398
25.21.0.1	Plastiðnaður stór	1	78.624
25.20.00	Plastvöruframleiðsla	0,5	54.054
22.22.9.1	Prentiðnaður, lítill	0,33	16.217
22.22.9.2	Prentiðnaður, miðlungs	0,5	54.054
22.22.9.3	Prentiðnaður, stór	1	83.538
31.62.0.1	Rafvéla verkstæði	0,25	14.742
72.11.00	Rannsóknarstarfsemi	0,25	17.200
80.10.0.6	Reiðhöll – sýningarstarfsemi	1	68.796
55.52.0.1	Sala á tilbúnum mat, lítil	1	75.140
52.49.9.4	Sala eiturefna og hættulegra efna	1	49.140
15.33.0.2	Salatgerð	2	183.248

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Árlegt eftirlitsgjald, kr.
85.31.4.0	Sambyli með heimiliseldhúsi	0,5	36.856
15.33.0.4	Samlokugerð, lítil	0,5	60.398
24.51.31	Sápu og kremframleiðsla	0,25	13.514
43.99.0.1	Sérhæfð byggingarstarfsemi	1	63.882
85.14.1.1	Sjúkraþjálfun	0,5	24.570
55.30.2.1	Skemmtistaðir án matsölu	1	93.366
55.30.2.0	Skemmtistaðir með matsölu	1	147.420
92.72.0.1	Skotvelli	0,25	12.286
85.32.3	Skóladagheimili	1	78.624
90.00.0.3	Skólphreinsistöðvar	1	49.140
26.12.0.0	Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri	0,25	11.056
55.30.1.4	Skyndibitastaðir, litlir	1	94.796
15.11.0.2	Sláturhús, stór með brennsluofni	2	261.872
15.11.0.1	Sláturhús, miðlungs	1	99.710
15.11.0.0	Sláturhús, stór	2	173.420
93.02.0.2	Snyrtistofur	0,5	29.484
90.00.0.7	Sorþflutningar og sorphirða	1	98.280
93.04.0.7	Sólbaðstofur	1	49.140
40.10.0.1	Spennistöðvar – aðveitustöðvar	0,5	29.484
93.21.0.0	Starfsemi skemmti- og þemagarða	1	49.140
55.14.0.1	Starfsmannabúðir < 16 manns	1	78.624
55.14.0.2	Starfsmannabúðir 17-50 manns	1	88.452
55.14.0.3	Starfsmannabústaðir (varanlegt húsnaði) < 16 manns	0,33	29.190
14.21.0.1	Steinmölun og framleiðsla á ofaniburði og fyllingarefnum	1	73.710
15.33.0.1	Sultu- og ávaxtagrautargerð	2	163.592
80.10.0.4	Sumarbúðir	1	73.710
92.61.0.1	Sundstaðir, litlir	1	94.796
92.61.0.2	Sundstaðir, miðlungs	1	179.764
01.23.0.2	Svínarækt > 2.000 stæði fyrir alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	1	121.867
01.23.0.1	Svínarækt < 2.000 stæði fyrir alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	1	63.882
85.33.6.3	Söfn	0,5	24.570
52.11.3.1	Söluturnar án óvarinna matvæla	0,5	24.570
52.11.3.2	Söluturnar með óvarin matvæli	1	54.054
85.13.1.1	Tannlæknastofur	0,33	19.459
55.22.0.1	Tjaldstæði	0,5	29.484
55.22.0.2	Tjaldstæði, orlofshúsasvæði með smáhýsum	1	78.624
80.42.2.0	Tónlistarskólar	0,25	14.742
20.30.9.4	Trésmíðaaðstaða	0,5	24.570

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Árlegt eftirlitsgjald, kr.
20.30.9.2	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	0,5	54.054
20.30.9.3	Trésmíðaverkstæði lítið (1-2 starfsmenn)	0,5	24.570
20.30.9.1	Trésmíðaverkstæði með lökkun	0,5	73.710
17.10.0.1	Ullarþvottastöð	2	255.528
80.10.0.7	Útihátíð	1	75.140
55.12.0.4	Útleiga stakra sumarhúsa/íbúðarhúsnæðis	0,33	22.703
41.00.0.5	Vatnsveitur, 2.000-5.000 íbúar	6	979.680
41.00.0.6	Vatnsveitur, 500 -2.000 íbúar	2	202.280
41.00.0.8	Vatnsveitur, einka, með matvælavinnslu	0,5	29.484
41.00.0.7	Vatnsveitur, færri íbúar en 500	1	75.140
55.30.1.7	Veitingavagnar	0,25	17.200
50.20.0.14	Verkstæði fyrirtækja	0,5	31.942
29.11.0.0	Vélsníða- og vélaviðgerðaverkstæði	1	58.968
50.20.0.0.9	Viðgerðaraðstaða eigin véla	0,5	22.200
15.20.6.1	Vinnsla á fiski, lítil	0,5	50.570
15.20.6.2	Vinnsla á fiski, miðlungs	1	94.796
15.20.6.3	Vinnsla á fiski, stór	1	153.764
15.31.0.0	Vinnsla og þökkun á grænmeti	0,5	24.570
40.10.0.3	Virkjanir 10-50 MW	0,5	108.108
40.10.0.2	Virkjanir 1-10 MW	0,5	83.538
40.10.0.4	Virkjanir stærri en 50 MW	1	235.872
85.11.4.4	Vistheimili	0,25	12.286
52.25.0.0	Vínbúð	0,33	32.432
63.21.0.1	Vöruflutningamiðstöðvar	1	68.796
63.21.0.0	Vöruflutningamiðstöðvar, litlar	0,5	24.570
93.01.0.0	Þvottahús og efnaugar	0,5	34.398